

Lyf í ATC-flokki A 14 A (vefjaaukandi lyf), og V 06 D (önnur næringalyf) skulu merkt „E.O.“ í lyfjaskrá og greiðast skv. ákvæðum þessarar greinar, enda framvísi sjúkratryggður lyfjaskírteini útgefnu af Tryggingastofnun ríkisins. Ef skírteini er ekki fyrir hendi tekur Tryggingastofnun ekki þátt í greiðslu lyfsins.

6. gr.

7. gr. orðist svo:

Tryggingastofnun ríkisins er, að fengnum meðmælum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, heimilt að taka þátt í kostnaði við óskráð sérlyf, sbr. 5. og 6. gr., sem flutt eru inn samkvæmt undanþágu, sbr. 8. gr. lyfjalaga nr. 108/1984.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett skv. lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar ásamt síðari breytingum, öðlast gildi 1. ágúst 1992.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. júlí 1992.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Einar Magnússon.*

14. júlí 1992

Nr. 281

## REGLUGERÐ

**um (11.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.**

1. gr.

7. gr. hljóði svo:

„Lyfseðill skal ritaður með bleki eða vélritaður á staðlað eyðublað í því formi, sem greint er í viðauka 1 með reglugerð þessari. Lyfseðill skal vera greinilega ritaður og án tvímæla og engar skammstafanir viðhafðar, er geta valdið misskilningi. Útgefandi lyfseðils skal, auk staðfestingar með undirskrift og dagsetningar, rita kódanúmer sitt samkvæmt gildandi læknaskrá. Á lyfseðil skal prenta eða stimpla nafn, stöðuheiti, aðsetur og símanúmer útgefanda. Útgefandi má aðeins rita annars vegar á lyfseðilseyðublað og eigi fleiri en þrjár lyfjaávisanir á hvern lyfseðil.

Geta skal þess ætíð á lyfseðli, hverjum lyfið er ætlað og miða magn lyfja, sem ávísað er, við þarfir. Jafnframt nafni sjúklings skal geta heimilisfangs og kennitölu hans eða heimilisfangs eiganda dýrs, ef um dýr er að ræða. Sé sjúklingur ellilífeyrisþegi eða 75% öryrki eða meira, skal það greint á lyfseðli. Sé sjúklingur útlendingur, skal auk nafns hans og heimilisfangs rita vegabréfs- eða persónunúmer viðkomandi á lyfseðil.

Útgefanda lyfseðils er heimilt að senda lyfseðil, sem fullnægir ákvæðum 1. og 2. málsgr., með bréfasímataeki eða tölvutengingu í apótek, enda sé tryggt og staðfest, að lyfseðillinn hafi komist í réttar hendur og jafnframt staðfest, hvaðan lyfseðillinn er sendur. Frumrit lyfseðils, sem sendur er með bréfasímataeki, skal greinilega auðkennt og merkt orðinu „Bréfasímalyfseðill“. Óheimilt er að afgreiða lyf gegn frumriti bréfasímalyfseðils.

Óheimilt er að ávísa eftirritunarskyldum lyfjum með bréfasímalyfseðli.“

2. gr.

18. gr. hljóði svo:

„Útgefandi skal rita magn eða einingafjölda eftirritunarskylds lyfs eigin hendi á lyfseðil með bókstöfum og jafnframt staðfesta með upphafsstöfum sínum.“

## 3. gr.

28. gr. hljóði svo:

„Óheimilt er að nota sýkla- eða sníklalyf handa eldisfiski nema í samráði við viðkomandi héraðsdýralækni. Skal hann sjálfur vera viðlátinn til leiðbeiningar er lyfjagjöf hefst og láta af hendi skriflegar leiðbeiningar um notkun lyfja eða lyfjafóðurs, ef um það er að ræða. Tekið skal þar fram hvenær nýta megi afurðir eftir að lyfjameðferð er lokið. Ef vatnshiti hefur verið 8°C eða hærri, má eigi nýta afurðir fyrr en 40 dögum eftir lyfjameðferð með sýklalyfjum. Ef vatnshiti er undir 8°C, má eigi nýta afurðir eftir sýklalyfjameðferð fyrr en 90 dögum eftir að meðferð lauk, nema heilbrigðisyfirvöld gefi fyrirmæli um annað. Um nýtingu afurða eftir notkun sníklalyfja handa eldisfiski skal hlíta fyrirmælum í sérlyfjaskrá.“

## 4. gr.

Eftirfarandi málsg. bætist við 35. gr. reglugerðarinnar:

„Lyfjafræðingur skal afhenda ódýrasta sérlyfið, sem inniheldur sama virka efnið (þ.e. samheitalyf), er í sama lyfjaformi og í sama styrkleika og það sérlyf, sem ávísað er enda heimili útgefandi breytingu í annað samheitalyf með því að skrifa S með hring utanum, fyrir aftan lyfið. Vilji útgefandi ekki heimila afgreiðslu ódýrasta samheitalyfs, skal hann skrifa R með hring utanum, fyrir aftan lyfið.

Útgefandi lyfseðils getur heimilað lyfjafræðingi símleiðis að breyta ofanefndri merkingu, ef þörf krefur. Í þeim tilfellum skal stimpla lyfseðilinn með stimplinum: „Lyfseðlinum breytt í samráði við lækni“.

## 5. gr.

42. gr. hljóði svo:

„Lyfseðlar, aðrir en fjölnotalyfseðlar, gilda fyrir eina afgreiðslu og eru ógildir þremur mánuðum eftir útgáfudag.

Pegar lyf er afhent samkvæmt lyfseðli, sbr. 1. málsg., skal hann auðkenndur merki eða stimpli apóteks, verð hvers einstaks lyfs ritað á hann og dagsetningar afgreiðslu getið.

Heimilt er að gefa út fjölnotalyfseðil (sbr. viðauka 1 með þessari reglugerð) í tilvikum þar sem sjúklingur er í langtímameðferð. Slíkur lyfseðill gildir í allt að 1 ár og fyrir 4 afgreiðslur hið mesta. Útgefandi skal tilgreina á fjölnotalyfseðli hversu oft og á hve margra daga fresti afgreiða megi hvert einstakt lyf, sem ávísað er. Útgefandi skal jafnframt gæta þess, að fullt samræmi sé á milli tímabila á afgreiðslu þeirra lyfja, sem ávísað er á sama lyfseðil, ef óskað er eftir fleiri en einni afgreiðslu ávísaðra lyfja. Staðfesta skal hverja afgreiðslu með merki eða stimpli apóteks, greinilegri dagsetningu, upphafsstöfum lyfjafræðings og kóðanúmeri í þar til gerðan reit á fjölnotalyfseðlinum, eftir því sem við á.

Óheimilt er að ávísa eftirritunarskyldum lyfjum með fjölnotalyfseðli.

Óheimilt er að senda fjölnotalyfseðil með bréfasíma.“

## 6. gr.

46. gr. fellur brott.

## 7. gr.

Eftirfarandi er nýtt form lyfseðilseyðublaðs, viðauki 1, sem kemur í stað viðauka 1 í reglugerð nr. 421/1988.

Viðauki 1:

<b>LYFSEÐILL</b>				Nr: _____	
Nafn sjúklings:					
Heimili:					
Kennitala:				Elli-/örorkulífeyrisþegi <input type="checkbox"/>	
<p>Ef læknir heimilar afgreiðslu ódýrasta samheitalyfs skal hann rita <b>(S)</b> fyrir aftan nafn lyfsins          Ef læknir heimilar ekki afgreiðslu ódýrasta samheitalyfs skal hann rita <b>(R)</b> fyrir aftan nafn lyfsins.          Lyfseðillinn er ógildur sé þessum áritunum sleppt.</p>					
Afgreiðist		sinnum á		daga fresti	
Dags:		Nafn útgefanda með eigin hendi			
1. afgreiðsla	2. afgreiðsla	Nafn læknis sérgrein aðsetur símanúmer kóðanúmer			
3. afgreiðsla	4. afgreiðsla	Verð	Hluti sjúklings	Hluti Trygg st.	Lyfjakort

(Stærð lyfseðils A5)

## 8. gr.

Eftirfarandi eru breytingar á viðauka 4 við reglugerðina:

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Pyranthelum embonat	Dýralyf	BANMINTH, VET., pasta 440 mg/g	<i>DÝRALYF.</i> Ormalyf fyrir hross. <i>Varúð:</i> Eigi má nýta sláturafurðir fyrr en 15 sólarhringum eftir lyfjagjöf. – Enn fremur skal hver pakkning lyfsins merkt sérstaklega með upplýsingum um notkun lyfsins og skammtastærðir, skv. ákvörð- un ráðuneytis við skráningu lyfsins.
Terfenadin- um	Lyf í afmældum skömmt- um. Mest 20 stk. handa einstaklingi, ef einstakur skammtur er 60 mg.	TELDANEX töflur 60 mg	Gegn ofnæmi. Skammtar: Fullorðnir og börn eldri en 12 ára: Ein tafla kvölds og morguns eða tvær töflur að morgni. Börn 6–12 ára: Hálf tafla kvölds og morg- uns. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 6 ára. <i>Varúð:</i> Barnshafandi konum og konum með barn á brjósti er einungis ráðlagt að nota lyfið í samráði við lækni.
	Mest 10 stk. handa einstaklingi, ef einstakur skammtur er 120 mg.	TELDANEX töflur 120 mg	Gegn ofnæmi. Skammtar: Fullorðnir og börn eldri en 12 ára: Ein tafla á dag. Lyfið er ekki ætlað börn- um yngri en 12 ára. <i>Varúð:</i> Barnshafandi konum og konum með barn á brjósti er einungis ráðlagt að nota lyfið í samráði við lækni.

## 9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi 1. ágúst 1992.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. júlí 1992.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Einar Magnússon.*

**GJALDSKRÁ**

9. júlí 1992

**fyrir hundahald á Suðurnesjum 1992.**

## 1. gr.

Gjald fyrir að halda hund, sbr. staflíð b í 1. málsg. 2. gr. samþykktar nr. 428/1987 skal á árinu 1992 vera kr. 7 500,00 fyrir hvern hund. Eindagi gjaldsins er 1. september 1992.

Allur kostnaður vegna föngunar hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður og búrleiga, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds sé um leyfislausan hund að ræða.